

GJALDSKRÁ

fyrir byggingarleyfis- og þjónustugjöld byggingarfulltrúa Fjallabyggðar.

1. gr.

Fyrir yfirferð og samþykkt aðaluppráttu og fylgiskjala þeirra, sem gerðir eru vegna nýbygginga, viðbygginga og breytinga á eldri byggingum í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta byggingarleyfisgjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Byggingarleyfisgjöld.

Gjöldin miðast við eina yfirferð aðaluppráttu. Innifalið er byggingarleyfi, útmæling og hæðarsetning, byggingareftirlit, lögbundnar úttektir, fokheldisvottorð og vottorð um lokaúttekt.

<i>Tegund byggingar</i>	<i>kr./m³</i>	<i>Athugasemdir</i>
A Íbúðarhúsnæði	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 75.577
B Iðnaðarhúsnæði	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 100.000
C Verslun og þjónusta	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 100.000
D Sérhaefðar byggingar	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 124.000
E Frístundahús	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 61.835
F Aðrar byggingar en tilgreindar í liðum A-E	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 61.835
G Stækkun húsnæðis/viðbyggingar o.p.h.	82	Gjald þó ekki lægra en kr. 38.475
H Niðurrif húsa	0	Fast gjald kr. 6.870
I Endurnýjun eldra byggingarleyfis	0	Fast gjald kr. 6.870

3. gr.

Rúmmetragjald samkvæmt 2. gr. skal reikna af brúttórúmmáli sbr. ákvæði ÍST 50, án svala og C rýma. Rúmmetra skal námunda í heilan rúmmetra samkvæmt almennum reiknireglum.

4. gr.

Byggingarfulltrúi annast innheimtu byggingarleyfisgjálða samkvæmt gjaldskrá þessari.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

5. gr.

Gjalddagi lágmarksgjalds er við móttöku byggingarleyfisumsóknar. Gjalddagi rúmmetragjalds er fyrir útgáfu byggingarleyfis. Byggingarfulltrúa er óheimil útgáfa byggingarleyfis, eða takmarkaðs byggingarleyfis, fyrr en byggingarleyfisgjald hefur verið greitt.

6. gr.

Byggingarleyfisgjald verður ekki endurgreitt falli byggingarleyfishafi frá notkun leyfisins eða það fellur úr gildi.

7. gr.

Fyrir þjónustu sem veitt er af hálfu byggingarfulltrúa í umdæmi Fjallabyggðar, skal byggingarfulltrúinn í Fjallabyggð í umboði bæjarstjórnar innheimta þjónustugjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

8. gr.

Afgreiðslu- og þjónustugjöld.

Fyrir ýmsa þjónustu sem byggingarfulltrúi veitir greiðast eftirfarandi gjöld:

*Tegund þjónustu**Gjald kr.*

1. Afgreiðslugjald, fast gjald á aðra liði en um getur í 2. og 8. gr. Gjaldið greiðist fyrir hverja einstaka afgreiðslu umhverfis- og skipulagsnefnar	1.649
2. Stöðuleyfi, árgjald sem greiðist einu sinni á ári	20.000
a) Hjólhýsi o.p.h.	20.000
b) Gámar:	40.000
Upp að 20 fet að stærð	20.000
40 fet að stærð	40.000
3. Lóðarúthlutunargjald, óendurkræft þó lóðinni sé skilað til sveitarfélagsins	16.489
4. Eignarskiptalysingar, hver umfjöllun	6.870
5. Vottorð vegna vínveitingaleyfa	6.870
6. Fyrir húsaleiguúttekt	6.870
7. Fyrir úttekt á verkstöðu vegna lánveitingar	6.870
8. Fyrir breytingar á lóðarleigusamningi	34.353

9. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskránni miðast við vísitölu byggingarkostnaðar 1. janúar 2009 og reiknast á hverjum tíma í samræmi við gildandi byggingarvísitölu.

10. gr.

Gjaldskrá þessi, sem var samþykkt af bæjarstjórn Fjallabyggðar með heimild í 53. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, sbr. einnig 27., 28. og 29. gr. byggingarreglugerðar nr. 441/1998, öðlast gildi við birtingu.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi, sbr. 3. mgr. 55. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997.

Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 53 frá 13. janúar 2009.

Samþykkt í skipulags- og umhverfisnefnd Fjallabyggðar 22. maí 2009.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjallabyggðar, 16. júní 2009.

Pórir Kr. Pórisson bæjarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 15. september 2009